



Aðalfundur 2023

Aðalfundargerð

Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands 2023

Hvanneyri 14. apríl 2023

Dagskrá

Kl. 13.00

1. Fundur settur, skipan starfsmanna
2. Skýrsla formanns Jóns Gíslasonar
3. Afgreiðsla kjörbréfanefndar
4. Ársreikningur lagður fram.
5. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga
6. Afgreiðsla reikninga
7. Tillögur lagðar fram
8. Afgreiðsla mála
9. Kosningar
 - a) Formaður
 - b) 4 stjórnarmenn
 - c) 3 varamenn í stjórn
 - d) 2 skoðunarmenn og 2 til vara
 - e) 1 Búnaðarþingsfulltrúi
10. Önnur mál
11. Fundarslit

1. Fundarsetning

Föstudaginn 14. apríl 2023 var aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands (BV) haldinn í húsnæði Lbhí á Hvanneyri.

Fundinn setti formaður Búnaðarsamtaka Vesturlands, Jón Gíslason og bauð hann gesti og fundarmenn velkomna. Jón gerði að tillögu sinni að Jón Eiríkur Einarsson yrði fundarstjóri og lagði til að ritari fundarins væri Ingveldur H. Ingibergsdóttir. Var sú tillaga samþykkt og bað formaður fundarstjóra að taka við stjórn fundarins. Fundarstjóri skipaði í kjörbréfanefnd þá Kristján Magnússon og Jónmund M. Guðmundsson og tóku þeir þegar til starfa.

2. Skýrsla formanns Búnaðarsamtaka Vesturlands fyrir árið 2023

Fundarstjóri, góðir fundarmenn.

Miklar breytingar hafa nú átt sér stað í félagskerfi landbúnaðarins. Rót þeirra er sem kunnugt er sameining búgreinasambandanna við Bændasamtökin. Þótt skammt sé um liðið frá því þessar breytingar áttu sér stað er þegar ljóst að þær hafa náð fjárhagslegum markmiðum sínum, þ.e. að spara fé í heildar rekstri kerfisins, en raunverulega var það yfirvofandi fjárhagsvandræði kerfisins sem var drifkraftur breytinganna. Erfiðara er að meta hvernig til hefur tekist að öðru leyti, en óhætt mun þó að fullyrða að engin veruleg vandamál hafa komið upp félagslega í breyttu kerfi.

Einn fylgifyiskur breytinganna var var fækkun búnaðarþingsfulltrúa búnaðarsambanda, enda eru bændasamtökin nú í raun samband búgreinadeilda. Við eigum nú einn búnaðarþingsfulltrúa með Kjalnesingum og Vestfirðingum. Eins og þið þekkið hefur starfssvæði Búnaðarsamtakanna náð yfir allt þetta vestursvæði. Sameining þess í eitt félagssvæði var því eðlilegt framhald og að hluta til hefur það gengið eftir með inngöngu Búnaðarsambands Kjalnesinga í samtökin. Ekkert í þá veru hefur hins vegar gerst varðandi Vestfirði, skýring þess er þó ekki andstaða við slíkar breytingar, heldur hafa veikindi og fráfall formanns Búnaðarsambandsins þar orðið til þess að aðalfundur hefur ekki verið haldinn fyrir síðasta ár. Væntanlega verður þó bætt úr því þegar sumrar.

Þrátt fyrir breytingar á félagskerfinu hafa engar stórar breytingar orðið á rekstri Búnaðarsamtakanna. Að umfangi er rekstur kúasæðinga langsamlega fyrirferðarmest og ef rekstur þeirra er erfiður þá er nokkuð gefið að rekstur samtakanna er ekki góður. Þetta sáum við á árinu 2021 og því miður gerðist þetta aftur á síðasta ári. Margt kemur þar til. Starfssvæðið er afar stórt og kúabúskapur hefur grísjast mjög mikið þannig að akstur er orðinn mjög mikill á hverja sæðingu og þar með lengist líka vinnutíminn á hverja sædda kú. Því miður sér ekki fyrir endann á þessari þróun.

Eldsneytiskostnaður hefur hækkað umtalsvert. Þá hafa laun hækkað mikið síðustu árin, svo og annar launatengdur kostnaður. Til að ná ásættanlegri rekstrarniðurstöðu hefði þurft að hækka sæðingagjöld talsvert meira en gert hefur verið en stjórnin hefur veigrað sér við því, talið þau vera komin nálægt þolmörkum og frekari hækkanir kynnu að draga úr notkun sæðinga og ýta undir heimanautanotkun.

Svo sem mörg ykkar eflaust muna var á Búgreinaþingi nautgriparæktar 2022 samþykkt ályktun þess efnis að rekstur kúasæðinga yrði sameiginlegur yfir allt landið og þá með sömu gjaldskrá alls staðar. Búnaðarsamtökin voru reiðubúin að láta af rekstri kúasæðinga til að þetta næði fram að ganga. Bændasamtökin hafa þó ekkert boðvald í þessum efnisnum og brátt kom í ljós að Eyfirðingar og Sunnlendingar voru ekki tilbúnir til að láta af sínum rekstri sæðingastöðva, buðust hins vegar til þess að sjá um sæðingar á landinu öllu með samræmdri gjaldskrá. BV féllst þó ekki á að undirgangast það, kaus að halda áfram sínum rekstri en gerði ráð fyrir aðgerðum til að jafna kostnaðinn enu að síður.

Nú er staðan sú að gert er ráð fyrir að frá og með næstu áramótum verði ákveðnu ríkisframlagi til sæðinganna ráðstafað á annan hátt en verið hefur svo það nýtist betur til jöfnunar en verið hefur. Hversu mikið sæðingar hér lækka vegna þess er enn óljóst en ætti að vera eitthvað sem um munar. Á þessu ári munum við ekki njóta þessara breytinga en ákveðnar breytingar hafa verið gerðar á sæðingunum sem væntanlega skila nokkrum sparnaði, engu að síður er fráleitt að lofa því að ekki þurfi að koma til hækkunar á árinu.

Sauðfjársæðingarnar eru annar hornsteinn í rekstri BV, þær voru reknar á líkan hátt og áður, þar kunna að vera blikur á lofti vegna riðuhættu en Torfi kann betur frá því að segja en ég.

Þriðji þátturinn í rekstrinum er bókhaldsþjónustan sem rekin hefur verið með sama sniði og áður og viðlíka umsvifum.

Þann tíma sem ég hef þekkt til reksturs Búnaðarsambands Borgarfjarðar og síðar BV, hafa breytingar orðið miklar í starfi samtakanna, flestar í þá átt að draga úr umsvifunum. Að sumu leyti er eftirsjá að því sem ekki er lengur á borði samtakanna. Ástæða breytinganna eru sumpart fjárhagslegar og að hluta til hafa aðrir aðilar tekið við verkefnum og sinna þeim ekkert síður vel en samtökin gerðu áður. Líklega eru 35 ár síðan ég lenti fyrst í stjórn Búnaðarsambandsins. Ef ekkert hefði breyst í starfi þessara samtaka síðan þá værum við í vondum málum. Jafnvel samdráttur í starfi er mun betri en kyrrstaða. Það veldur mér hins vegar áhyggjum hversu tregir menn eru orðnir til að taka þátt í félagsstarfi. Á síðustu tveim aðalfundum hef ég reynt að losna úr formennsku en ekki tekist vegna þess að enginn finnst sem til er í að taka við keflinu. Vonandi tekst betur til nú. En þótt ég vilji nú láta staðar numið í þessari stjórnarsetu get ég ekki látið hjá líða að minnst á að þessi félagsmál, eins og flest önnur hafa fært mér dýrmæta reynslu og mikla ánægju, sem ekki síst felst í því að kynna og vinna með góðu fólki. Fyrir það er ég þakklátur.

Jón Gíslason.

3. Afgreiðsla kjörbréfanefndar

Kristján Magnússon fór yfir kjörbréfin fyrir hönd Kjörbréfanefndar

Frá Búnaðarfélagi Hvalfjarðar: - *Enginn fulltrúi*

Frá Búnaðarfélagi Skorradals:

Jón Eiríkur Einarsson

Frá Búnaðarfélagi Andakíls:

Haraldur Sigurðsson.

Pétur Snær Ómarsson

Frá Búnaðarfélagi Lundarreykjadal

Jónmundur M. Guðmundsson

Símon Bergur Sigurgeirsson

Frá Búnaðarfélagi Reykdæla— *enginn fulltrúi*

Frá Búnaðarfélagi Þverárþings:

Ásgeir Ásgeirsson

Ingi Björgvin Reynisson

Baldvin Ásgeirsson

Frá Búnaðarfélagi Mýramanna:

Gísli Friðjónsson

Unnsteinn Jóhannsson

Hálfván Helgason

Frá Búnaðarfélagi Kolbeinsstaðahrepps

Kristján Magnússon

Frá Búnaðarfélagi Eyja-og Miklaholtshrepps

Þróstur Aðalbjarnarson

Frá Búnaðarfélagi Staðarsveitar:

Sigurjón Grétarsson

Kristján Þórðarson

Frá Búnaðarfélagi Eyrarsveitar – enginn fulltrúi

Frá Búnaðarfélagi Helgafellssveitar – enginn fulltrúi

Frá Búnaðarfélagi Hörðudals – enginn fulltrúi

Frá Búnaðarfélagi Miðdala:

Sigursteinn Hjartarson

Helga Elínborg Guðmundsdóttir

Guðmundur Freyr Geirsson

Frá Búnaðarfélagi Laxárdals – enginn fulltrúi

Frá Búnaðarfélagi Hvammsfjarðar

Jón Ingi Ólafsson

Búnaðarsamband Kjalnesinga:

Guðmundur Davíðsson

Samkvæmt kjörbréfum voru því 19 fulltrúar mættir af 28 og fundurinn telst því löglegur með 68% mætingu

Samkvæmt félagatali 2023 voru félagar 613 þar af voru 285 gjaldskyldir.

4. Ársreikningur lagður fram.

Torfi Bergsson fór yfir framlagðan ársreikning og eru helstu niðurstöður úr rekstrar-og efnahagsreikningi eftirfarandi:

Rekstrartekjur alls kr.111.908.939.-

Rekstrargjöld alls kr.111.560.874.-

Afskriftir kr. 2.966.346.-

Hagnaður/ Tap fyrir fjármagnsliði er kr. -2.618.281.-

Fjármagnsliðir eru neikvæðir um kr.967.909.-

Hagnaður/ Tap dótturfélagsins BBV ehf er kr. -564.328 .-

Hagnaður/ Tap ársins er kr. -4.150.518.-

Eignir samtals eru kr. 46.680.404.-

Eigið fé er alls kr. 9.005.029.-

Skuldir samtals eru kr. 37.675.375.-

Skuldir-og eigið fé alls kr. 46.680.404.-

5. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga.

Nokkrar umræður um reikninga Búnaðarsamtakanna og fyrirspurnir sem Torfi og Ingveldur skýrðu út.

6. Afgreiðsla reikninga.

Fundarstjóri bar upp reikningana og lagði til að reikningar BV 2022 væru samþykktir

– Samþykkt samhljóða

7. Tillögur lagðar fram

Jón Gíslason tók til máls undir þessum lið og vakti athygli á ákvæði í samþykktum Búnaðarsamtakanna varðandi fjölda manna í stjórn, gert hafði verið ráð fyrir að þeim myndi fjölga í 5 en í dag eru stjórnarmenn 4. Kjalnesingar hafa þegar sameinast en Vestfirðingar eiga enn eftir að bætast við.

Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands haldinn á Hvanneyri 14. Apríl 2023, harmar að enn hafi ekki náðst aukinn jöfnuður á sæðingarkostnaði yfir landið og hvetur til þess að vinnu í þá átt verið flýtt. *Talsverðar umræður urðu um tillöguna* -Samþykkt

Aðalfundur BV haldinn á Hvanneyri 14. Apríl 2023 telur að besti kosturinn væri að færa kúasæðingar í landinu á einn rekstraraðila. -Samþykkt með 8 atkvæðum móti 1

Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands haldinn á Hvanneyri 14. Apríl 2023, krefst þess að Matvælaráðuneyti og MAST leggi til verulega aukið fjármagn til sauðfjárveikivarnagirðinga um land allt.

Greinargerð: Í ljósi nýjustu fréttu um riðutilfelli í Miðfjarðarhólfi er það orðið enn brýnna að stöðva flæði sauðfjár á milli svæða. Varnarlínur eru vítt og breytt ónýtar og endurnýjunar er þörf. Áriðandi er að bregðast strax við. Aðeins eru nokkrar vikur þar til fé fer á afrétt.

-Samþykkt samhljóða

Torfi Bergsson kynnti fjárhagsáætlun Búnaðarsamtakanna og fór yfir helstu rekstrarliði:

Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands (BV) haldinn á Hvanneyri 14. apríl 2023, leggur fram eftirfarandi fjárhagsáætlun:

Fjárhagsáætlun fyrir Búnaðarsamtök Vesturlands 2023

	Áætlun 2023
Rekstartekjur	
Seld þjónusta	65.490.000
Starfsfé	46.082.900
Aðrar tekjur	430.000
Tekjur alls	112.002.900
Rekstrar gjöld.	
Rekstrarvörur	24.000.000
Laun og annar starfsmannakostnaður	64.000.000
Bifreiða- og ferðakostnaður	14.500.000
Annar rekstrarkostnaður	7.000.000
Samt:	109.500.000
Hagnaður (tap) fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	497.100
Afskriftir	3.000.000
Fjármunatekju/fjármunagj.	1.500.000
Afkoma dótturfélags (eða aðrar tekjur)	1.000.000
Mismunur.	-997.100

Nokkrar umræður urðu um fjárhagsáætlun BV.

-Samþykkt með meirihluta atkvæða

Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands haldinn að Hvanneyri 14. apríl 2023, leggur til að félagsgjöld BV árið 2023 verði kr. 13.000.-

-Samþykkt samhljóða

Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands haldinn að Hvanneyri 14. Apríl 2023, samþykkir eftirfarandi laun fyrir stjórn BV og skoðunarmenn reikninga:

Formaður kr. 200.000 á ári og kr. 15.000.- á fund.

Aðrir stjórnarmenn kr. 50.000.- á ári og kr. 15.000.- á fund.

Varamaður stjórnarmanns kr. 15.000.- á fund. –

Skoðunarmenn reikninga kr. 15.000.-

Fundargerð aðalfundar Búnaðarsamtaka Vesturlands 14. apríl 2023

Auk framangreindra launagreiðslna verði greiddur akstur samkvæmt aksturstaxta ríkisins.

Frá 1.janúar 2024 hækki stjórnarlaun í takt við launavísitölu.

-samþykkt samhljóða

Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands haldinn að Hvanneyri 14. apríl 2023, samþykkir að laun búnaðarþingsfulltrúa verði kr. 15.000.- fyrir hvern fundardag auk fullra dagpeninga, ef ekki er um netfundi að ræða.

- samþykkt

Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands haldinn að Hvanneyri 14. apríl 2023, samþykkir að greiddir verði aksturspeningar til aðalfundarfulltrúa, samkvæmt eignum kílómetrum.

- samþykkt

9. Kosning stjórnar og varastjórnar

a. Kosning formanns BV, Jón Gíslason tilkynnti að hann myndi ekki gefa kost á sér í formannssætið.

Í uppstillingarnefnd voru kjörin árið 2022: Laufey Bjarnadóttir, Hannes A. Magnússon og Valberg Sigfússon, þau voru ekki mætt á fundinn en frá nefndinni kom tillaga að Guðmundi Davíðssyni Búnaðafélagi Kjalnesinga í formannssætið. Hann hlaut kosningu, tók til máls og þakkaði traustið.

b. Kosnir aðrir stjórnarmenn, fundarstjóri tilkynnti að Sigrún Hanna Sigurðardóttir, stjórnarmaður, myndi ekki gefa kost á sér aftur í stjórn. Það lá því fyrir að kjósa þyrfti 3 nýja stjórnarmenn. Þessir hlutu kosningu:

Sigurjón Helgason (var stjórnarmaður fyrir aðalfund)

Jónmundur Magnús Guðmundsson

Jón Ingi Ólafsson

c. Kosnir 3 varamenn í stjórn, 1. varamaður var kosinn Helgi Már Ólafsson, 2. Varamaður var kosinn Valberg Sigfússon og 3. Varamaður var kosinn Helga Elínborg Guðmundsdóttir.

d. Kosning skoðunarmanna reikninga

Sigurður Jakobsson gaf ekki kost á sér áfram, nýir skoðunarmenn voru því kjörnir þeir, Brynjólfur Guðmundsson og Jón Gíslason

Varamenn þeirra: Hallur Pálsson og Böðvar Bjarki Magnússon.

e. Búnaðarþingsfulltrúi var kjörinn Guðmundur Davíðsson, nýr formaður BV, til vara var kjörinn Jónmundur Magnús Guðmundsson.

10. Önnur mál

Guðmundur Davíðsson tók til máls og velti upp þeirri hugmynd að halda auka fund til að ræða framtíð kúsæðinganna. Þar væri greinilega ýmsar vangaveltur og margt sem þyrfti að skoða.

Hann þakkaði síðan Jóni Gíslasyni fyrir góð störf.

Torfi Bergsson, framkvæmdastjóri BV tók til máls og studdi þá tillögu Guðmundar að gott væri að halda auka fund til að ræða framtíð sæðingastarfseminnar. Hann þakkaði Jóni samstarfið og óskaði Guðmundi til hamingju með kosninguna.

Kristján Magnússon tók til máls og þakkaði Jóni góð störf og óskaði Guðmundi til hamingju. Hann fagnaði því að fá ungt fólk inn í stjórn BV og fagnaði því að fá fleiri fundi. Jafnframt sagði hann það áhyggjuefni að unga fólk sýndi félagsstörfum lítinn áhuga.

Jónmundur Magnús Guðmundsson tók til máls og þakkaði traustið.

11. Fundarslit, Jón Eiríkur Einarsson, fundarstjóri, þakkaði mönnum góða fundarsetu, þakkaði Jóni Gíslasyni góð störf og bauð Guðmund Davíðsson og nýja stjórnarmenn velkomna til starfa.

Fundi slitið kl. 17.00

Fundarritari: Ingveldur H. Ingibergsdóttir